

ERINDISBRÉF

fyrir skólastjóra grunnskóla.

1. gr.

Skólastjóri skal leitast við að haga störfum í skóla sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda. Hann skal hlutast til um að skólinn hjálpi nemendum til að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, sé á verði um heilbrigði þeirra og veiti þeim tilsögn hverjum eftir sínum þroska.

Skólastjóra er skylt að gæta algerrar þagmælsku um þau einkamál nemenda og forráðamanna þeirra er hann fær vitneskju um í starfi. Sama gildir um vitnisburð nemenda og önnur trúnaðarmál skóla. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og eru í erindisbréfi fyrir kennara um kennslustarf skólastjóra og samskipti hans við nemendur.

2. gr.

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar. Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Skólastjóri skal gegna starfi sínu samkvæmt þeim lögum, reglugerðum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma.

Skólastjóri heldur fundi með kennurum svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Honum er auk þess skylt að boða til funda ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

3. gr.

Komi upp ágreiningur milli skólastjóra og kennararáðs eða kennarafundar um meðferð tiltekins máls innan skólans skal vísa málinu til skólanefndar.

Ef samkomulag næst ekki má vísa málinu til fræðslustjóra sem fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir nema samkomulag hafi orðið um annað.

4. gr.

Í heimavistarskólum er skólastjóri jafnframt heimavistarstjóri.

Skólastjóri getur þó æst þess að ráðinn sé sérstakur heimavistarstjóri og er þá menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða mann til starfans enda fullnægi hann skilyrðum um menntun.

5. gr.

Skólastjóri (eða yfirkennari í forföllum hans) á rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrælsi og tillögurétti og skylt er að verða við tilmælum hans um fund í skólanefnd.

Ákvæði þessi taka þó ekki til Reykjavíkur en þar heldur fræðsluráð (skólanefnd) fundi með skólastjórum a. m. k. þrisvar á skólaári.

Skólastjóri (eða yfirkennari í forföllum hans) á rétt á að sitja fundi fræðsluráðs með málfrælsi og tillögurétti þegar fjallað er um málefni er varða sérstaklega skóla þann sem hann stjórnar og er þá skylt að boða hann til fundar.

6. gr.

Skólastjóra ber í samráði við skólanefnd að sjá um að uppfylltar séu kröfur í lögum og reglugerðum að því er varðar allan nauðsynlegan aðbúnað skóla, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, innanstokksmuni, kennslutæki og söfn.

Skólastjóri hefur umráðarétt yfir öllum innanstokksmunum skólans, áhöldum og söfnum og heldur eða lætur halda skrá um þau. Hann getur þó ekki ráðstafað þeim á sitt eindæmi nema í þágu skólastarfsins.

Honum ber einnig að fylgjast með því að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum og gera tillögur um það til skólanefndar.

7. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þ.m.t. íþróttamannvirki sem byggð eru sem skólahúsnæði og eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis. Skólastjóri hefur umráð skólahúsnæðis að því er tekur til þarfa skólahalds samkvæmt lögum og námsskrá. Hann hefur umsjón og eftirlit með að hitun, lýsing og ræsting sé í lagi.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt má þó eigi brjóta í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum og ætíð skal hafa samráð við skólastjóra um slíka ráðstöfun.

Skólanefnd getur heimilað, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistinga- og veitingarekstrar.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslustjóra sem í hlut eiga. Skipa má skólastjóra við grunnskóla hvern þann sem lokið hefur kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla.

Skipun í stöðu skólastjóra er þó háð því skilyrði að viðkomandi hafi sótt eða sæki námskeið um stjórnun skóla enda verði slík námskeið haldin eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Þetta ákvæði nær þó eigi til þeirra er gengt hafa skólastjórastarfi sem settir eða skipaðir fyrir gildistöku þessa erindisbréfs eða þeirra sem hafa aflað sér viðbótarmenntunar í skólastjórn er menntamálaráðuneytið tekur gilda.

Skólastjóra við heimavistarskóla skal ekki skipa í stöðu fyrr en eftir tveggja ára reynslu við störf í slíkum skóla.

9. gr.

Forfallist skólastjóri skóla sem ekki hefur yfirkennara felur hann einum af föstum kennurum skólans að fara með skólastjórn.

Ef fyrirsjáanleg forföll eru lengri en tveir mánuðir gerir skólanefnd í samráði við skólastjóra og fræðslustjóra tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið þann tíma sem skólastjóri er forfallaður.

10. gr.

Skólanefnd er skylt að leita álits skólastjóra þegar velja á kennara að skóla. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólanefndar og skólastjóra gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

Skólastjóra er einnig skylt að láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær er berast ef ráða á yfirkennara að skóla.

Skólastjóri gerir ásamt skólanefnd tillögur til menntamálaráðuneytisins um setningu eða skipun skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskóla. Hann ræður með samþykki skólanefndar aðstoðarfólk í mötuneyti.

Skólastjóri og skólanefnd gera tillögu til sveitarstjórnar ef ráða á húsvörð að skóla.

Stunda- og forfallakennara ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar.

Haft skal samráð við skólastjóra um ráðningu annars starfsfólks grunnskóla.

Skólastjóri skal árlega í tæka tíð vekja athygli skólanefndar á ráðningarákvæðum starfsfólks grunnskóla skv. síðustu málsgrein 34. gr. grunnskólalaga.

11. gr.

Pegar skólastjóri lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar og fræðslustjóra fyrir 1. febrúar.

Skólastjóri, sem hyggst fá ársleyfi án launa, skal sækja um það skriflega til menntamálaráðuneytisins fyrir sama tíma. Umsóknina ber að senda til skólanefndar jafnframt því sem skólastjóri greinir viðkomandi fræðslustjóra frá áformi sínu.

12. gr.

Vinnutími og kjör skólastjóra grunnskóla fara eftir ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því sem við á.

Um orlof skólastjóra fer eftir reglugerð nr. 62/1975.

13. gr.

Skólastjóra ber í samráði við skólanefnd að láta stunda- og forfallakennara vita fyrir skólalok hvort óskað sé eftir endurráðningu hans næsta skólaár.

14. gr.

Skólanefnd lætur skólastjóra í té skrá yfir skólaskylda nemendur í skólahverfinu í tæka tíð áður en skóli hefst.

Skólastjóra er skylt að láta skólanefnd í té skrá yfir nemendur skólans þegar hún æskir þess.

15. gr.

Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður valdi og skólastjóri fær eigi við ráðið skal það tilkynnt skólanefnd og fræðslustjóra.

16. gr.

Skylt er að leita umsagnar skólastjóra og skólanefndar ef foreldrar eða forráðamenn sækja um tímabundna undanþágu frá skólasókn fyrir skólaskyلت barn. Ef skólastjóri og skólanefnd mæla samhljóða með umsókninni getur fræðslustjóri veitt undanþágu en skólastjóri og skólanefnd skulu fylgjast með því að barnið stundi nám.

17. gr.

Stundi nemandi vinnu utan skólans á starfstíma skólans og geti af þeim sökum ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og skólalæknis skal skólastjóri þá tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda. Ef ekki verður ráðin bót á vísar skólastjóri málinu til barnaverndarnefndar.

18. gr.

Skólastjóri getur heimilað að barn hefji skólagöngu á því ári sem það verður sex ára mæli skólalæknir og hlutaðeigandi sálfræðideild með því.

Sama gildir ef sótt er um að barn fresti að hefja nám um eitt ár.

19. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað, sbr. 82. gr. laga um grunnskóla.

20. gr.

Skólastjóri skiptir störfum með kennurum við kennslu, eftirlit og umsjón í skóla og á leiksvæði, próf og önnur störf í samræmi við lög og reglur eða erindisbréf fyrir kennara. Hann ber ábyrgð á samningu stundaskrár og skipan nemenda í deildir eða námshópa. Gæta skal hann hagsýni í allri verkaskiptingu bæði með tilliti til nemenda, kennara og rekstrarkostnaðar skólans.

Við samningu stundaskrár gæti skólastjóri þess varðandi námsefni að fara eftir ákvæðum námsskrár sem í gildi er á hverjum tíma. Hann skal einnig gæta þess að allar námsgreinar séu jafn rétt háar á stundaskrá og að skóladvöl nemenda verði sem samfelldust.

Skólastjóri skal velja umsjónarkennara fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í skólanum.

Skólastjóri skal senda til fræðslustjóra stundaskrár og aðrar skýrslur um störf kennara eigi síðar en þrem vikum fyrir gjalddaga launa stundakennara og launa vegna yfirvinnu fastráðinna kennara.

21. gr.

Skólastjóra er heimilt með samþykki fræðslustjóra að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda í 1.—6. bekk grunnskóla um allt að því 40 mínútur frá ákvæðum 44. gr. grunnskólalaga. Þess skal þó gætt að heildar tímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðum laganna.

Skólastjóri ákvarðar lengd kennslustunda. Hann gætir þess að samfelld kennslustund verði ekki lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur.

Meðallengd kennslustundar í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

22. gr.

Skólastjóra er skylt að kynna sér eftir föngum störf kennara í skólanum og árangur þeirra. Honum ber einnig að gera sér far um að veita kennurum allt það lið sem hann má með ráðum og leiðbeiningum og þá einkum ungum og óreyndum kennurum.

23. gr.

Óski skólastjóri og skólanefnd eftir sérstöku eftirliti með námsmati þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrir er menntamálaráðuneytinu heimilt að skipa eftirlitsmann með námsmati í lokabekk skólans.

Skólastjóri sér um að kennarar geri nauðsynlegar skýrslur.

Svo fljótt sem auðið er að loknum prófum og eigi síðar en 1. júlí sendir skólastjóri fræðslustjóra og menntamálaráðuneytinu skýrslur um skólahald, námsmat o. fl. eftir fyrirmælum menntamálaráðuneytisins.

Þá ber skólastjóra að sjá til þess að í skjalasafni skólans séu öll helstu lög og reglugerðir um skólamál sem í gildi eru á hverjum tíma. Einnig skulu geymast í skjalasafni öll embættisbréf, svo og eintak af ársprófsverkefnum skólans.

24. gr.

Skylt er skólastjóra grunnskóla að boða til stofnfundar foreldrafélags komi fram ósk um það frá foreldrum eða öðrum aðila sem um getur í 21. gr. laga um grunnskóla.

25. gr.

Skólastjóra er heimilt að fela einum eða fleiri kennurum að annast tómstunda- og félagsstörf á vegum skólans.

Hann felur einum af kennurum skólans að vera nemendaráði til aðstoðar og ráðuneytis þar sem slíkt ráð er starfandi.

Skólastjóri gerir fræðslustjóra árlega grein fyrir hvernig tómstunda- og félagsstarfi nemenda er háttað í skólanum.

Heimilt er að lækka kennsluskyldu til móts við þá vinnu sem innt er af hendi samkvæmt þessari grein.

26. gr.

Hafi nemandi valdið truflun og ekki látið skipast við áminningar kennara svo að hann hefur orðið að víkja nemanda úr kennslustund skal skólastjóri ræða málið við kennarann ef ástæða þykir til og leitast við að sætta aðila og ljúka málinu. Takist það ekki má vísa málinu til fræðslustjóra.

Valdi nemandi hins vegar vandræðum í skóla með hegðun sinni og viðleitni umsjónarkennara (bekkjarkennara) til að ráða bót á ber ekki árangur tekur skólastjóri málið í sínar hendur og kannar það frá öllum hliðum. Geti skóli og heimili í sameiningu ekki leyst vandann vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu. Hann skal tilkynna forráðamönnum þá ákvörðun án tafar hafi hún ekki verið tekin í samráði við þá.

Meðan málið er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir enda hafi hann tilkynnt forráðamönnum og fræðslustjóra þá ákvörðun sína.

27. gr.

Þegar störf ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu eru skipulögð í skóla skal fræðslustjóri hafa um það samráð við skólastjóra viðkomandi skóla.

Skólastjóri tekur þátt í hópvinnu um þau mál sem ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan fjallar um eftir samkomulagi við starfsmenn hennar.

28. gr.

Í upphafi hvers skólaárs skal sá aðili sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, í samráði við skólastjóra setja starfsliði heilsuverndar sem við skólann starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum. Skólastjóra ber síðan að fylgjast með því að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í samræmi við þá vinnutímaáætlun sem getið er.

29. gr.

Telji skólastjóri að kennari hafi gerst brotlegur í starfi getur hann vísað málinu til skólanefndar sem beinir því til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Sama gildir ef kennari telur að skólastjóri hafi gerst brotlegur í starfi. Kæri annar hvor aðilinn er honum skylt að tilkynna hinum það og færa fram ástæður.

Ef fræðslustjóri telur að aðgerðir í málinu þoli enga bið getur hann tafarlaust gert ráðstafanir um stundarsakir en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu. Þeim úrskurði verður eigi áfrýjað nema málið heyri undir dómstóla.

30. gr.

Erindisbréf þetta gildir jafnframt fyrir yfirkennara sem er staðgengill skólastjóra.

Með sama hætti lýtur yfirkennari ákvæðum erindisbréfs kennara grunnskóla.

31. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. maí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.